

Brjef stjórnarráðsins til biskups um leyfi til upptöku heimilisgrafreita.

117

Eins og yður, háæruverðugi herra, er kunnugt, eru umsóknir um leyfi til upptöku heimilisgrafreita á síðari árum orðnar mjög tíðar. Þarsem nú stjórnarráðið verður að vera yður sammála að um heimagrafreitsupptökur sju óheppilegar bæði frá kirkjulegu og almennu sjónarmiði, skal yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til birtingar fyrir próföstum landsins, að menn mega framvegis ekki búast við að fá leyfi til að taka upp heimilsgrafreit, nema alveg sjerstakar ástæður sju fyrir hendi.

118

15. nóv.

Reglugjörð um starfrækslu símasambanda.

A. Almenn ákvæði.

Notkun símans.

1. gr.

a. Allir geta fengið að nota símasambönd landsins, þó hefir stjórnarráðið rjett til að láta hætta símskeytasendingum og simtölum um skemri eða lengri tíma á öllum eða einstökum línun, alveg eða að nokkru leyti, þegar nauðsynlegt þykir vegna heilla landsins.

b. Símastjórnin hefur rjett til að hafna eða hamla sjerhverju einkaskeyti sem kann að þykja hættulegt fyrir öryggi landsins eða verður að efni til álitíð koma í bága við landslög, almennar reglur og siðgæði. Um það hvort efni símskeytis sje þess eðlis eða ekki, úrskurðar gæslustöðvarstjóri sá, er sendi- eða viðtökustöð heyrir undir. Þó getur sendandi skotið máli sínu til landssímastjórans. Stjórnarskeyti má ekki stöðva.

2. gr.

Þagnarskylda.

a. Sjerhver starfsmaður landssímans er samkvæmt lögum 20. október 1905 um rit- og talsíma skyldugur til að halda leyndu efni símskeyta og simtala og nöfnum þeirra er símann nota. Skuldbinding þessi gildir einnig eftir að hlutáðeigandi er farinn úr þjónustu landssímans.

Fyrir brot á þessu skal hegnt með brottrekstri og sektum eða einföldu fangelsi og ef gert er af ásettu ráði með fangelsi, eða ef miklar sakir eru, með betrunarhúsvinnu.

b. Sá, sem af ásettu ráði eyðileggur, tefur, eða breytir skeyti, eða vísitandi hjálpar öðrum til þess sama, skal sæta hegningu samkvæmt 139. gr. sbr. 34. og 145. gr. hinna almennu hegningarlaga.

118 c. Sjerhver sá starfsmaður við símann, hvort sem hann er fastur eða
15. nóv. ekki, sem hefir tækifæri til að kynnst efni símskeyta eða símtala, skal gefa skriflegt loforð um að halda öllu slíku leyndu.

Eyðublöð fyrir þessi þagnarheit fást hjá landssímastjóranum og gæslu-
stöðvarstjórunum. Eftir að þau hafa verið undirskrifuð í viðurvist tveggja votta
skal þegar senda þau til landssímastjórans

Peir er undirskrifað hafa þessi þagnarheit skulu gæta ítrustu varkárni
með að rjúfa þau ekki, og ef krafist er einhverra skýringa, stöðvunar eða aftur-
köllunar á símskeyti verður að krefjast þess af beiðanda að hann geri grein
fyrir sjer.

3. gr.

Ábyrgð að því er snertir afgreiðsluna.

a. Símastjórnin tekur ekki á sig neina ábyrgð á afleiðingum þess ef
yfirsjóunir eða óregla kann að eiga sjer stað í meðferð, sendingu eða afgreiðslu
skeyta, eða í notkun talsímasambanda. Símastjórnin tekur ekki á sig heldur neina
ábyrgð á því, að efni símskeyta og símtala sje haldið leyndu.

b. Ef símasambönd innanlands eða utan eru ótrygg sökum línubilana
náttúruviðburða, stjórnarfarslegs óróa erlendis eða þessh. skal afhendingarstöðin
gæta þess, að sendandi skrifi á skeytin vottorð þess efnis, að þau sjeu send á
hans ábyrgð. Þessa vottorðs skal ekki krafist á stjórnarskeyti nje skeyti sem
landssímastjórnin hefir auglýst að yrðu að eins send á ábyrgð sendanda. Skeyti,
sem eru á ábyrgð sendanda verða ekki ítrekuð þótt þau tefjist eða komi ekki
fram og kröfur um endurgreiðslu gjaldanna verða ekki teknar til greina.

4. gr.

Bann gegn ókeypissamböndum o. fl.

Starfsmönnum símans er bannað að nota símalínurnar til þess að
koma fram ókeypissímskeytum eða símtölum, sem gjaldskyld eru eftir gildandi
ákvæðum. *Starfsmenn annast allar upphringingar og er almennungi bannað að fást
við tækin á símastöðvunum*, fram yfir það sem nauðsynlegt er til að nota þau til
símtala.

5. gr.

Um símastöðvar og afgreiðslutíma.

a. Við anddyri hveirrar stöðvar skal fest spjald er gefi til kynna á hvaða
tíma stöðin er opin.

Stöðvar mega ekki hætta afgreiðslunni fyr en búíð er að afgreiða öll
afhent skeyti og pöntuð símtöl.

b. Stöðvar skiftast í flokka og eru opnar á þessum tímum:

1. fl. A: Opnar alla virka daga frá kl. 8 til kl. 21, á sunnudögum og öðrum
helgidögum kl. 10—20.

1. fl. B: Opnar alla virka daga frá kl. 8½—14 og kl. 15½—20, sunnudaga og
aðra helgidaga frá kl. 10—12 og 14—19.

2. fl.: Opnar alla virka daga frá kl. 9—12 og 16—19, sunnudaga og aðra helgidaga frá kl. 10—12 og 16—19. **118**
15. nív.
- 3 fl.: Opnar alla virka daga frá kl. 9—10 og 16—17, sunnudaga og aðra helgidaga frá kl. 10—11 og 16—18.

Á stórhátíðum (jóladað, nýársdag, páskadað og hvítasunnudag) eru allar stöðvar opnar frá kl. 10—11 og 16—18. Aðfangadaga þessara daga er fyrsta flokks stöðvum lokað kl. 19.

Tíminn er talinn eftir meðaltíma Íslands.

6. gr.

Um skjalageymslu.

a. Frumrit símskeyta og skjöl er snerta þau skal geyma að minsta kosti í 11 mánuði reiknað frá þeim mánuði sem þau voru afhent í. Frumrit loftskeyta og fylgiskjöl þeirra skal geyma að minsta kosti í 17 mánuði, talið frá afhendingarmánuðinum. Skjöl og skrár viðvikjandi talsímaafgreiðslunni skal geyma að minsta kosti í 6 mánuði.

b. Þegar sendandi eða viðtakandi símskeytis hefir gert fullnægjandi grein fyrir sjer, má láta honum eða umboðsmanni hans í tje efni símskeyta eða afrit af þeim, sem fyrir hendi eru. Hver þeirra hefir þar að auki rjett til þess gegn borgun, að fá staðfest endurrit af frumskeytinu eða skeyti því sem afhent var viðtakanda, svo framarlega sem símastjórnin hefir þessi skjöl eða endurrit af þeim í vörslum sínum. Rjettur þessi hverfur um leið og geymslutímabilið er úti.

Landssímastjórnin er ekki skyld til þess að gefa skýrslu um eða afhenda endurrit af framangreindum skjölum, nema sendandi, viðtakandi eða umboðsmaður þeirra komi fram með þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að geta fundið umrædd símskeyti. Endurrit af símskeytum skulu staðfest af stöðvarstjórnunum, eða þeim sem settur er í hans stað.

c. Upplýsingar um skeyti, eða endurrit af þeim geta dómstólar eða lögreglan ekki fengið án leyfis sendanda eða viðtakanda, nema þá með dómsúrskurði. Dómsúrskurðurinn skal sendur símastöðinni sem fullnægir honum, ef skeytin eða fylgiskjöl þeirra eru ennþá til við stöðina. Ef svo er ekki, skal hún samtundis senda dómsúrskurðinn til landssímastjórans og jafnframt tilkynna hlutadeigandi valdsmanni það.

Fái stöð dómsúrskurð um að stöðva beri ákveðin símskeyti eða símtöl milli tiltekinna manna, skal honum fullnægt. Skal veita skeytum þessum viðtöku, reikna út gjaldið og skrásetja þau. Að því loknu skal svo spyrjast fyrir hjá hlutadeigandi valdsmanni hvort senda megi skeytin. Símtalspöntunum skal veitt viðtaka en símtölin afgreiðist ekki. Stöðvarnar mega ekki skýra fólki frá stöðvun skeyta þessara nje ástæðunni fyrir því, að ekki er hægt að afgreiða símtölin.

Þegar búíð er að fullnægja honum, skal senda dómsúrskurðinn til landsímastjórans ásamt afritum af hlutadeigandi skeytum og skýrslu um það er fram hefir farið.

Talning gjalda og endurgreiðsla.

a. Að undanskildum gjöldum þeim, er greiddast á viðtökustöðinni, skulu öll skeytagjöld greidd jafnótt og skeytin eru afhent til sendingar, þó geta sendur í einstökum tilfellum og eftir samkomulagi við hlutaðeigandi stöðvarstjóra, fengið gjaldfrest, ef þeir hafa afhent nægilegt geymslufje til tryggingar.

Á gjöldum fyrir símtöl og símskeyti, sem eru talsímuð til afhendingarstöðvarinnar, má eftir samkomulagi veita þeim gjaldfrest, sem er fastur handhafi símtækis þess sem notað er, alt að 20 krónum, enda ber hann gagnvart símastjóranum ábyrgð á gjaldinu. Hærri upphæð en 20 krónur verður eigi lánuð nema trygging sje sett.

Þegar skeytagjöld eru ekki greidd þegar í stað, skal sendandi greiða 5 aura fyrir hvert skeyti, án tillits til orðafjölda, fyrir að innheimta gjöldin.

Ef það kemur fyrir í nafnkveðju að saman sje dregið fornafn eða upp hafsstafr fornafns við ættarnafn, eða nöfn hluthafa í firmanafni dregin saman eða nafnkveðja afbökud á annan hátt, án þess að það sje gert eftir samkomulagi við viðtökustöð, þá hefir símastjórinn rjett til að heimta inn hjá viðtakanda hið lögskipaða gjald fyrir hvert það orð, sem orðafjöldinn á þann hátt hefir minkað við afhendingu á sendistöðinni.

Gjöld fyrir þau skeyti, sem send eru með talsíma og gjöld fyrir símtöl frá talfærum fastra notenda, innheimtir landssíminn hjá notendum. Verði tregða á því að greiða áfallin gjöld fyrir afnot símans, þá er þeirra er krafist, má neita þeim notanda algjörlega um afnot allra simasambanda landssímans, þangað til hann greiðir skuld sína.

b. Sendandi símskeytis getur krafist kvittunar fyrir afhendingu þess, að því tilgreindu, hve mikið hann hefir greitt fyrir það, þegar slík viðurkenning er gefin á lausum eyðublöðum, skal greiða 5 aura fyrir hvert símskeyti jafnvel þótt viðurkenning sje gefin fyrir mörgum skeytum á sama eyðublaðinu.

Viðurkenning veitist ókeypís, ef hún er rituð í bækur, sem fást hjá símastjórnninni og kosta eina krónu. Í bækur þessar skal tilfæra dag, viðtökustöð svo og nafn viðtakanda, en símastarismenn bæta einungis við afhendingartölu og upphæð borgunar þeirrar sem greidd er.

c. Fyrir símskeyti sem send eru til stöðvanna með pósti, má greiða gjaldið með innlendum póstrímerkjum. Sje kvittunar óskað fyrir slík símskeyti, verður auk kvittunargjaldsins, að fylgja burðareyrir, fyrir sendingu kvittunarinnar.

Sjeu frímerki þau, sem send eru með símskeyti, ónóg til greiðslu gjaldsins, verða bæði skeytið og frímerkin, að frádregnu burðargjaldi, send aftur í borguðu brjefi, nema því að eins að sendandi sje svo þektur á stöðinni, að stöðvarstjórinn álti óhætt að lána honum það sem vantar á gjaldið og sendir hann þá símskeytið. Þegar skeyti er endursent skal skrifa á það fullnægjandi áritun um ástæðuna.

Ef frímerkin eru verðhærri en með þarf, verður afgangurinn endursendur sendanda í borguðu brjefi að frádregnum burðareyri. Ef afgangurinn hrekkur að eins fyrir burðareyri og kvittunargjaldi, skal kvittun fyrir móttöku skeytisins send.

118
15. nóv.

d. Ef svo stendur á, að heimta skal gjald við móttöku símskeytis, verður það að eins afhent viðtakanda gegn greiðslu þessa gjalds.

e. Ef oflitið gjald hefir verið tekið af vangá, eða ef gjald sem greiðast á af viðtakanda ekki fæst, annaðhvort af því að hann neitar að greiða það, eða hann spyrst ekki uppi skal sendandi greiða það er á vantar.

Sje hinsvegar of mikið gjald tekið, skal það endurgoldið hlutaðeiganda. Í tilkynningu til landssímastjórans um að gjald sem ófáanlegt er hjá viðtakanda, fáist heldur ekki hjá sendanda símskeytisins, skal þess getið, hvað hlutaðeigandi stöð hefir gert til þess að fá gjaldið greitt.

f. Símskeytagjald verður endurgreitt er skeyti tynist á leiðinni, eða kemur seinna til viðtökustöðvarinnar en ef það hefði verið sent í pósti.

Ennfremur er hægt að endurgreiða gjaldið ef skeytið kemur svo afbakað til viðtakanda, að það að álitu símastjórnarinnar hefir ekki náð tilgangi sínum. Komi villa fyrir í samanbornu símskeyti fæst alt gjald þess endurgreitt.

Gjald fyrir símskeyti fæst ekki endurgreitt ef sendanda þess hefir við afhendingu verið bent á, að því sökum línubilana eða annara orsaka vegna myndi seinka, eða ef það er ekki samið samkvæmt reglum þeim, sem settar eru, eða ef það er sent á ábyrgð sendanda.

Endurgreiðsla fæst að eins á gjöldum fyrir þau símskeyti (einnig viðbóttagjöld) sem glatast hafa, tafist, eða afbakast en ekki fyrir þau skeyti sem send hafa verið þessvegna, eða orðið tilgangslaus af þeirri ástæðu.

Í alþjóðasímaviðskiftum endurgreiðast gjöldin ef skeytið kemur seinna til viðtökustöðvarinnar, en ef það hefði verið sent í pósti.

Gjald fyrir símskeyti á dulmáli, með borguðum samanburði, eða skeyti á mæltu máli, sem af handvömmum við afgreiðsluna auðsjáanlega hafa ekki náð tilgangi sínum, fæst endurgreitt, nema því að eins, að villurnar hafi verið leiðrjettar með gjaldskyldu þjónustuskeyti.

Gjald fyrir leiðrjettingarskeyti má endurgreiða án sjerstakrar fyrirskipunar, ef þau eru send vegna handvammur við afgreiðsluna. Í alþjóðasímaviðskiftum getur endurgreiðsla farið fram ef endurtekning kemur ekki heim við skeytið eins og það kom upphaflega fram, þó ekki fyrir þau orð sem koma eins aftur.

Fyrir endurgreiðslu á gjaldi fyrir þráðlaus skeyti gilda ákvarðanir alþjóðareglugerðarinnar, með þeim fyrirvara að tími sá er fer til þess að afgreiða skeytið þráðlaust sem og tími sá er skeytið liggur á land eða skipstöðinni telst ekki með í þeim tíma sem skeytið var á leiðinni, ef ræða er um niðurfærslu eða endurgreiðslu gjalda. Land- og skipgjaldið verður endurgreitt er landstöðin tilkynnir afhendingarstöðinni að skeytið hafi ekki verið sent skipstöðinni.

g. Gjaldið fyrir fyrirfram greitt svar fæst endurgreitt eftir beiðni sendanda eða viðtakanda ef viðtakandi hefir eigi notað svarskirteinið, eða hliðrað sjer við að taka við því, og það annaðhvort liggur á afhendingar- eða útgáfustöðinni,

118 enda sje gjaldsins krafist innan þriggja mánaða, frá þeim degi er skirteinið 15. nóv. var gefið út.

h. Kröfu um endurgreiðslu símskeytagjalds verður sendandi að senda í síðasta lagi 5 mánuðum eftir að skeytið er afhent til afgreiðslu, til þeirrar síma-stjórnar sem afgreiðslustöðin heyrir undir. Innihald skeytisins skal tilfært og verður gjaldið að eins greitt þeim er það hefir goldið, eða umboðsmanni hans.

Slikri kröfu verður að fylgja skriflegt vottorð frá viðtakanda eða viðtöku-stöðinni um, að skeytið hafi ekki komið fram.

B. Símskeytaafgreiðslan.

8. gr.

Tegundir símskeyta

a. Símskeyti skiftast eftir eðli þeirra í þessa flokka:

- I. Stjórnarsímskeyti.
- II. Þjónustusímskeyti.
- III. Einkasímskeyti.

Á stjórnarsímskeyti skulu hlutaðeigandi stjórnarvöld setja stimpil sinn eða innsigli Þetta er þó ekki nauðsynlegt ef enginn vafi getur á því leikið, að undirskriftin sje rjett.

Til þess að hægt sje að fá svar við stjórnarskeyti skoðað sem stjórnarskeyti, verður að leggja fram stjórnarskeyti það sem svarið er við

Heimild til þess að senda stjórnarskeyti innanlands hafa:

Konungurinn og konungsættin.

Stjórnarráðið.

Forsetar alþingis.

Höfuðsmennirnir á opinberum strandvarnarskipum

Í alþjóðasímaviðskiftum er þessum stjórnarvöldum heimilt að senda stjórnarskeyti:

Konungur.

Æðstu stjórnarvöld á sjó og landi

Umboðsmenn og konsúlar erlendra ríkja.

Með svarskeyti við slik skeyti skal og fara sem vöru þau stjórnarskeyti.

Ef stjórnarskeyti þau sem afhent eru og bera stimpil eða innsigli frá umboðsmönnum eða konsúlum erlendra ríkja, ræða um verslunarerindi og eru stíluð á einstaka menn, og ef undirskriftin virðist benda á, að skeytið snerti ekki opinber málefni, skal benda sendanda á það þegar hann afhendir skeytið til afgreiðslu og skýra honum frá, að skeytið virðist koma í bága við reglur þær, sem settar eru um afgreiðslu stjórnarsímskeyta. Krefjist sendandi þess samt sem áður að skeytið verði sent þannig, skal það gert en jafnframt skal senda frumrit skeytisins til landssíma-stjórnans ásamt skýrslu um málið.

Símskeytin skiftast eftir því hvernig þau eru samín í tvo flokka:

I. Símskeyti á mæltu máli.

II. Símskeyti á dulmáli.

118
15. nóv.

Símskeyti á mæltu máli skulu vera alveg ljós og mega orðasamsetningar í þeim eigi koma í bága við almennar málvenjur. Þau má semja á öllum þeim málum sem leyfð eru í alþjóða símaviðskiftum

Skeyti á dulmáli eru:

1. Skeyti á settu máli. Skulu orðin í þeim vera mynduð af atkvæðum, sem hægt er að bera fram eftir íslenskum, dönskum, enskum, frönskum, hollenskum, ítölskum, latneskum, portúgölskum, spænskum eða þýskum framburði.

2. Merkjaskýti sem innihalda: Tölur eða bókstafi með leynilegum þýðingum. Orð, nöfn, orðatiltæki eða bókstafaraðir, sem ekki fullnægja skilyrðum þeim sem sett eru fyrir alment eða dulið mál í skeytum.

Bókstafi og tölur má ekki setja saman í merkjaraðir. Dulmálsorð mega ekki hafa í sjer fleiri en 10 bókstafi og eftirtalda bókstafi má ekki nota í slíkum orðum: á, aa, é, í, ñ, ó, ú, ü, ý, æ, ö, ð og þ. Tvihljóðarnir, ae, aa, ao, oe, og ue, reiknast hver sem tveir bókstafir. Skeyti sem eingöngu innihalda lestrarmerki, verða skoðuð sem merkjaskeyti.

Þjónustuskeyti eru þau skeyti sem yfirmenn símans senda í embættisnafni. Ennfremur öll skeyti, er snerta afgreiðsluna og borguð þjónustuskeyti sem eftir kröfu sendanda eða viðtakanda eru send stöðva á milli

b. Stjórnar og þjónu-tu-skeyti má semja að öllu eða nokkru leyti á dulmáli, bæði í innanlands og alþjóða símaviðskiftum. Aftur á móti ákveður hvert land, hvort í millirikjaviðskiftum sje hægt að senda einkaskeyti sem að öllu eða nokkru leyti eru samín á settu eða merkja máli, en öll lönd skulu afgreiða umsend skeyti á dulmáli.

Verslunarmerki og bókstafaraðir í skeytum frá merkjastöðvum eða loft-skeytastöðvum skoðast þó ekki sem dulmál. Í gjaldaskránni fyrir símskeyti er tilfært við hvert land, hvort það leyfir dulmálsskeyti eða ekki.

9. gr.

Samning skeytanna.

Frummskeytið verður að vera skrifað svo greinilega, að engin vandkvæði sje á að lesa úr því. Eigi má nota önnur merki en þau, sem til eru í rit-símastafrofinu.

Má krefjast þess að sendandi skeytis, eða sá, sem fyrir hans hönd afhendir það, gefi skriflega viðurkenningu fyrir því sem hefir verið bætt inn í skeytið, strikað eða skafið út. Viðbætur og leiðrjettingar í talsímuðum skeytum er hægt að heimta að verði staðfestar skriflega.

Efnislaus og undirskriftarlaus skeyti er hægt að senda.

Stöðvarþjónar skulu gæta þess að fólk taki ekki með sjer eyðublöð af stöðvunum og að þau sjeu eingöngu notuð á þeim.

Afhending skeytanna.

Skeytin má afhenda beint á ritsímastöðvarnar, annaðhvort með ritsíma eða talsíma. Er hægt að afhenda þau til afgreiðslu seinna, annaðhvort sama dag eða næsta dag og verður sendandi þá að skrifa á frumskeytið, hvenær hann vilji að það verði sent; verður sá tími talinn afhendingartími skeytisins.

Afhending símskeyta með ritsíma eða talsíma er eingöngu á ábyrgð sendanda. Skeyti má senda til stöðva í pósti, en það verður að vera landssímanum að kostnaðarlausu. Sbr. 7. gr. c.

Afhendingarstöðin skrifar afhendingartímann í þar til ætlaða eyðu á eyðublaðinu, þegar eftir afhendingu skeytisins og færir það inn á skrá yfir afgreidd símskeyti.

Skeyti þau sem eru símuð til afhendingarstöðvarinnar skal skrifa á frumritaeyðublöð og skal að því loknu endurtaka skeytið fyrir sendanda. Orð, sem erfitt er að heyra í símanum er hægt að senda með nöfnum og skal skrifa upp fyrsta staf hvers nafns. T. d. yrði orðið landssími sent þannig, *Lárus, Anna, Nikulás, Daniel, Sigurður, Sveinn, Ingólfur, Magnús, Ingólfur*.

Á skeyti þau sem símuð eru stöðvunum, skal skrifa nafn sendanda og talsímanúmer. Slík skeyti mega vera á erlendu máli, ef eigi er álitíð hættu á að þau afbakist neitt, en ef nokkur vafi leikur á því, má krefjast þess að skeytið sje samið á íslensku og ennfremur má, ef skeytið er yfir 100 orð, krefjast þess að það sje sent skriflega til stöðvarinnar. Fyrir að talsíma skeyti skal greiða 20 auru af hverjum 100 orðum eða minna.

Innanbæjarskeyti skal rita á frumritaeyðublað, en afritist fyrir útburðinn á útsendingareyðublað, er sendist viðtakanda.

Skeyti með Xp, sem eiga að berast út frá sjálfri afhendingarstöðinni, verða venjulega ekki tekin. Þó er hægt að fá slík skeyti send með sendisveinum, sem fara þá leið hvort sem er

Eftirlit með og staðfesting á að sendandi sé sá sem hann segist vera.

Sendandi er skyldur að sanna hver hann er, ef þess er krafist á sendistöðinni.

Hann hefir hinsvegar rjett til að fá undirskrift sína í símskeyti staðfesta, þá er hann hefir sannað hana nægilega. Til þess að slík staðfesting verði gerð af símpjóni, er nauðsynlegt að hann þekki sendanda, sem sjálfur verður að koma með skeytið á stöðina.

118	Heillaóskaskeyti innanlands	<i>Heill</i>
15. nív.	Vafasamt (í loftskeytum):	<i>Réception douteuse</i>
	Loftskeyti	<i>Radio</i>
	Merkjaskeyti	<i>Signal eða Sémaphorique</i>
	Stjórnarskeyti	<i>S</i>
	Þjónustuskeyti	<i>A</i>
	Blaðaskeyti	<i>Presse</i>

I. Blaðaskeyti.

a. Blaðaskeyti innanlands skulu vera stíluð til blaða eða skeytaskrifstofna og ætluð til þess í heild sinni að verða birt almenningi. Þó er eigi hægt að senda auglýsingar á þenna hátt. Ennfremur má senda slík skeyti skeytafjölögum einstakra manna, ef ekkert blað kemur út þar á staðnum, þó að eins með þeim skilyrðum, sem landssímastjórinn ákveður í hvert sinni. Á undan nafnkveðjunni skal sendandi skrifa orðið *Presse*, sem eigi telst með í orðafjöldanum og neðan á skeytið nafn sitt og heimilisfang. Innlend skeyti verða að vera samin á íslensku og er gjald fyrir þau hálf tvenjulegt símskeytagjald, þó ekki lægra en 1 króna fyrir skeytið.

Presse-hraðskeyti verða afgreidd á undan venjulegum skeytum en á eftir hraðskeytum. Þau eru merkt með árituninni *Presse-D*, er telst sem eitt orð. Gjald fyrir þau er þrefalt blaðaskeytagjald.

Skeyti, sem afhent eru sem blaðaskeyti, en ekki uppfylla þau skilyrði er sett eru fyrir slíkum skeytum, skal fara með sem almenn símskeyti og greiðist fult gjald fyrir þau. Í lok blaðaskeyta er heimilt að setja athugasemd eins og t. d.: *framhald*, en hún má eigi vera yfir 3 orð.

b. Að eins þeir er fengið hafa sjerstakt leyfi símastjórnar til þess, mega senda blaðaskeyti og skulu þeir sem tákni þess hafa í höndum spjöld þau, er sýnd eru hér að neðan:

LANDSSÍMI ÍSLANDS.

Nr.

Framhlið spjaldsins	}	Frá hvaða landssímastöð sem er, má			
		Hr.			
		senda blaðaskeyti gegn niðursettu gjaldi til			
		blaðsins (skeytafélagsins)			
		eða símnafnisins			
		samkvæmt reglum þeim, er settar eru þar			
		um í alþjóðareglugerð símanna.			
		Spjald þetta gildir frá	19	til	19
		Undirskrift leyfishafa			f. h. landssímastjórnarinnar

Bakhlíð spjaldsins { Spjald þetta getur enginn notað nema sá, sem það er gefið út á. **118**
 Þegar spjaldið er gengið úr gildi, er hægt að fá það endurnýjað ^{15. nív.}
 með því að snúa sér til landssímastjórnarinnar. Við afhendingu
 blaðaskeyta á landssímastöðvum, skal ávalt sýna spjaldið.
 Komist upp að spjaldið hafi verið misbrúkað missir það
 þegar gildi sitt. Öll misbrúkun getur leitt það af sér, að blaðaskeyti,
 sem afhent eru með því verði skoðuð sem almenn skeyti, með
 fullu gjaldi.

Skeytin skulu vera stíluð á það blað, eða þá frjettaskrifstofu sem tiltekið er á spjaldinu. Símnefni má og nota ef það er tekið fram á spjaldinu.

c. Alþjóða blaðaskeyti skulu vera samin á frönsku eða einhverju því máli, er sendi- og viðtöku-landið leyfa í alþjóðasímskeytavíðskiftum, eða á því máli sem blaðið, er þau eiga að birtast í, er gefið út á, þó svo framarlega sem það mál er leyft í alþjóðasíma víðskiftum. Í skeytunum má ekkert standa annað en það, sem ætlað er til birtingar. Alþjóðablaðaskeyti mega ekki hafa neina aukaathugasemd eins og t. d. *framhald*, eða þessháttar. Öll blaðaskeyti sem ekki fullnægja settum skilyrðum verða skoðuð sem almenn skeyti og gjaldið reiknað eftir því.

Símastöðvar skulu hafa eftirlit með því að blaðaskeyti sjeu birt að öllu leyti og eiga heimtingu á, að viðtakandi skeytanna sendi þeim ókeypis eitt eintak af blöðum þeim sem skeytin eru birt í. Ef blaðaskeyti eru ekki birt, skal krefja viðtakanda um mismuninn á venjulegu símskeytagjaldi og því, sem greitt hefir verið fyrir skeytið og ber viðtökulandinu það gjald.

Ákvæði þessu skal þó eigi fram fylgja nema að fengnu leyfi landsímastjórnarinnar til þess. Landssímastjórninni er heimilt að neita þeim um afgreiðslu á blaðaskeytum, sem neitað hafa eftirágreiðslu á oflagt reiknuðu gjaldi, eða þeim viðtakendum sem ekki verða við ofangreindri skuldbindingu um birtingu blaðaskeyta.

Blaðaskeyti skulu vera undirrituð með sama nafni og tiltekið er á heimildarspjaldinu.

Í alþjóða blaðaskeytum skal skrifa orðið *Presse* á undan nafnkveðjunni og telst það eigi með í orðafjöldanum. Af sjerstökum ákvæðum getur ekkert komið til greina í blaðaskeytum nema TMx. Alþjóða hraðblaðasímskeyti verða ekki afgreidd.

II. Eftirsending skeyta.

a. Með því að skrifa *FS* á undan nafnkveðjunni, getur sendandi símskeytis látið eftirsenda það. Þegar slík skeyti koma og viðtakandi er fjarverandi, skal viðtökustöðin grenslast eftir hvar hann sje og koma því til hans eins fljótt og unt er. Sje ekki hægt að hafa uppi á dvalarstað viðtakanda, skal geyma skeytið. Ef sú stöð, sem skeytið er eftirsent til, ekki getur haft uppi á viðtakanda, skal hún geyma skeytið. Sjeu á eftir skammstöfuninni *FS* margar utanáskriftir í röð, skal eftirsenda skeytið til þeirra stöðva í þeirri röð sem tiltekin er, þangað til

118 það nær viðtakanda. Geti síðasta tiltekna stöðin ekki afhent skeytið geymist það
15. nóv. þar. Utanáskriftirnar skal strika út jafnskjótt og þær eru notaðar.

Sendandi frumskeytisins greiðir við afhendingu þess að eins fyrir fyrstu afgreiðsluna, en allar utanáskriftirnar reiknast með í orðafjöldanum. Eftirsendingargjaldið greiði viðtakandi, og reiknast það eftir orðafjöldanum í hverri eftirsendingu. Fáist gjaldið ekki hjá honum er sendandi skeytisins skyldur að greiða það.

Með því að snúa sjer skriflega til simastöðva getur viðtakandi símskeytis krafist þess, að öll skeyti til hans eftirsendist til staðar er hann tilkynnir símastöðinni, gegn því, að hann greiði eftirsendingargjaldið. Sá sem hefir umboð til að veita skeytunum viðtöku fyrir hönd viðtakanda getur með því að snúa sér skriflega til viðtökustöðvarinnar, krafist þess, að skeyti verði eftirsend viðtakanda og hvíla þá á honum sömu skyldur og sendanda sem vill láta eftirsenda símskeyti.

b. Ef skeyti með fyrirframgreiddu svári eftirsendist til útlanda, skal tiltaka í frönkum þá upphæð, sem nýja svarskirteinið á að hljóða upp á, þannig: *RP. fr.* og reiknast það sem eitt orð. Þegar innanlands símskeyti með fyrirframgreiddu svári eru eftirsend til annarar stöðvar, skal *RP* skæmmstöfunin látin halda sér.

c. Ef á heimili viðtakanda er skýrt frá nýrri utanáskrift fyrir skeyti sem ekki hefir áritunina *FS*, án þess að beðið sé að eftirsenda það símleiðis, skal senda skeytið í lokuðu umslagi með greiddu burðargjaldi nema sérstök beiðni liggja fyrir um að eftirsenda það símleiðis, eða ef stöðin þekkir viðtakanda og eftirsendir þá skeytið símleiðis, og ber þá að fara með það eins og hér er skýrt frá að neðan, með tilliti til eftirsendingar eftir beiðni viðtakanda. Ef skeytið er eftirsent í pósti skal þegar síma tilkynningu um það.

Viðtakandi getur annaðhvort brjeflega eða með borguðu þjónustuskeyti óskað eftir að skeyti verði honum eftirsent. Í innanlands viðskiftum skal skrifa á skeytið *Eftirsent frá...* og í alþjóðaviðskiftum: *Réexpédié de...* og telst þetta alt með í orðafjöldanum.

Sá sem óskar að fá símskeyti eftirsent sem hraðsímskeyti verður að greiða þrefalt gjald fyrir það. Sje hraðskeyti eftirsent sem alment skeyti, skal útstrika áritunina *D*.

Á skeyti sem eftirsending hefir verið greidd fyrir skal rita: *Eftirsending borguð* í innanlands skeytum, en í alþjóðaviðskiftum: *Taxe perçue*.

Ef eftirsent skeyti sem engin útsending er greidd fyrir á að sendast út fyrir umburðarsvæðið, getur það orðið annaðhvort á þann hátt, að sendisveinninn krefji viðtakanda um útsendingargjaldið, eða þá að skeytið sje sent í pósti, og eftirsendingar og pósgjaldið innheimt með póströfu.

d. Á skeytum sem eftirsend eru innanlands skal ásamt eftirsendingarathugasemdum standa: *Krefja ber kr.* Á eftirsendum skeytum til útlanda, skal standa *PCV . . .* og reiknast gjaldið eftir símskeytagjaldi viðtökulandsins. Innlend eftirsendingargjöld, sem kann að eiga að innheimta í útlöndum reiknast í frönkum. Nafn afhendingarstöðvarinnar, númer og afhendingartími, upphaflega viðtökustöðin og allar þær stöðvar sem skeytið hefir verið eftirsent til skal síma.

Sje skeytið eftirsent frá útlöndum, skal reikna eftirsendingargjaldið í krónum eftir því símskeytagjaldi, sem þá er milli hlutaðeigandi landa. Sje upphæð 118 15. n.ó.v. sú sem gefin er upp í skeytinu hærri, skal breyta henni í krónur, áður en gjaldið verður innheimt. Gjald það er krefja ber, skal rita á sjálft skeytið og kvittunina og má eigi afhenda skeytið fyrir en gjaldið hefir verið greitt.

Þegar ekki er hægt að afhenda eftirsent skeyti, skal senda þjónustuskeyti um það og ástæðuna fyrir því og geta þess um leið hvaða upphæð ef til vill ber að krefja af sendanda. Sje skeytið eftirsent milli margra stöðva, skal senda tilkynninguna í gegnum þær allar, sem svo innheimta eftirsendingargjöldin hjá þeim, sem beðið hafa um eftirsendingarnar og draga innheimtugjaldið frá, áður en tilkynningin verður send áfram.

Afhendingarstöðin skal láta sendanda vita um, að skeytið sje ekki afhent, án þess að innheimta hjá honum nokkuð gjald fyrir eftirsendinguna. Eftirsenda, óafhenta skeytið skal geyma meðal óafhentra skeyta. Viðvikjandi eftirsendingargjöldum, sem ekki eru borguð í þeim mánuði sem skeytið er eftirsent í, skal senda skýrslu til landssímastjórans. Verði eftirsendingargjald greitt seinna, skal þegar með þjónustuskeyti tilkynna það þeirri stöð, er þar á hlut að máli.

III. Fyrirfram greitt svar.

a Óski sendandi að borga fyrirfram fyrir svar upp á skeyti, skrifar hann á undan nafnkveðjunni: RPX eða RPDx, eftir því hvort hann vill fá svarið sem alment eða hraðskeyti.

Viðtökustöðin útbýr svarskeyti fyrir upphæðinni sem greidd hefir verið (eyðublað nr. 5) og sendir viðtakanda með skeytinu. Neiti hann að veita svarskeytinu viðtöku, skal þegar í stað tilkynna sendistöðinni það með borguðu þjónustuskeyti. Svarskeytið skal geyma í 6 vikur og að þeim tíma liðnum sendist það landsímastjóranum.

Þótt sendandi skrifi í innihaldi skeytisins svar borgað eða því um líkt, hefir það ekkert það gildi, en hinsvegar ber afhendingarstöðinni í slíkum tilfellum að spyrja sendanda hvort hann ætli að borga fyrir svar.

Svarskeytið skeytis með fyrirfram greiddu svari frá útlöndum, skal gefa út með þeirri upphæð, sem reiknuð er eftir gjöldum þeim, sem gilda milli sendi- og viðtöku-landsins og eftir þeirri leið, er skeytið hefir farið, enda þótt svarskeytið verði sent einhverri annari stöð.

Á kvittanir fyrir símskeytum með borguðu svari skal skrifa: *Svarskeyti fylgir.*

Svarskeyti gilda í 42 daga og má nota þau við allar stöðvar landsímans

Þegar gjald fyrir símskeyti er að öllu leyti greitt með svarskeyti, skal eigi tilfæra neitt gjald á símskeytinu eða skránni. Sje gjaldið að nokkru leyti greitt með svarskeyti, skal tilfæra mismuninn á gjaldinu og skirteininu, bæði á skeytinu og skránni. Í athugasemdadálkinn skal skrifa *Svarskeyti . . . kr.*

b. Endurgreiðsla á svarskeyti frá útlöndum, sem viðtakandi ekki hefir notað, getur átt sjer stað ef gjaldið er ekki minna en 1 franki og ef svarskeytið er

118 afhent þeirri stöð, er gaf það út, innan þriggja mánaða frá útgáfudeginum. Svarskirteinið sendist landssímastjórninni ásamt skýringu hvernig á því standi, og verður þá gjaldið endurgreitt sendanda skeytisins. Sama máli er að gegna, ef viðtakandi hefir neitað að veita svarskirteini viðtöku.

Mismunur á nafnverði svarskirteinis og gjalds símskeytis þess, sem það er greitt með fæst endurgreiddur ef sendandi krefst þess, og ef mismunurinn er eigi minni en 75 aurar. Slikar kröfur skal senda landssímastjórninni og skal í þeim tiltekið hver skeytin eru og senda svarskirteinið sjálft með.

IV. Heillaóskaskeyti.

a. Heillaóskaskeyti eru skeyti, sem sendandi vill að afhent sju viðtakanda á skrautprentuðu eyðublaði.

Heillaóskaskeyti á skrauteyðublöðum er hægt að afhenda til afgreiðslu við allar landssímastöðvar, en þau er eigi hægt að senda til annara en 1. og 2. flokks stöðva. Þessi skrautprentuðu eyðublöð kosta 25 aura hvert, er bætast við gjald símskeytisins.

Á undan nafnkveðjunni skal rita orðið »Heill« og telst það ekki með í orðafjöldanum; því orði skal líka slept þegar skeytið er skrifað á skrauteyðublaðið og sent viðtakanda.

Í afgreiðslu heillaóskaskeyta skal, ef sent er eitt og eitt skeyti í einu, viðtökustöðin gefa kvittun fyrir, með því að endurtaka orðið »Heill« á eftir númeri skeytisins. Ef send eru mörg skeyti í rennu, skal sendistöðin endurtaka orðið á eftir hverju slíku skeyti.

Þegar skeyti um heillaóskir er afhent á símastöð, skal afgreiðslumaðurinn ávalt spyrja sendanda að, hvort hann óski að skeytið sje sent með »Heill« eða ekki.

b. Heillaóskaskeyti verða einnig afgreidd milli Danmerkur og Íslands. Þau eru táknuð með orðinu *Lyk*, sem skal rita á undan innihaldi skeytisins og reiknast með í orðafjöldanum. Fyrir skrauteyðublað og tilbeyrandi umslag greiðir sendandi 25 aura, sem Íslandi bera og tilfærast í gjaldadálk fyrir símskeyti innanlands. Þegar slík skeyti koma frá Danmörku, skal er þau sendast viðtakanda, sleppa orðinu *Lyk* og færa orðafjöldann niður um eitt orð.

V. Hraðsímskeyti.

a. Ef sendandi símskeytis óskar eftir að skeytið sje afgreitt og borið á undan öðrum skeytum, skal hann rita á skeytið *D* eða *Hraðskeyti*, í innanlandsviðskiftum, og *D* eða *Urgent* í alþjóðaviðskiftum.

Gjald fyrir hraðskeyti er þrisvar sinnum meira en fyrir venjuleg símskeyti.

Hraðskeyti er hægt að senda til allra landa er leyfa það samkvæmt »Gjaldskránni«.

b. Í hraðskeytum með fyrirframgreiddu svari skal skrifa áteiknunina *D* á undan áteiknuninni *RP* eða *RPD*,

VI. Innanbæjarsímskeyti.

118
15. nóv.

Á stöðvum landssímans er tekið við skeytum til afgreiðslu innanbæjar fyrir helming hins venjulega símskeytagjalds.

Símskeyti þessi geta haft áritunina *D*, *RPx*, *RO* og *MP*, auk »Heill«. Að öðru leyti eru þau háð sömu reglum og skilyrðum og önnur símskeyti.

VII. Leiðrjettingskeyti.

a. Sendandi eða viðtakandi símskeytis getur innan þess tíma, sem ákveðið er að skeyti skulu geymd, krafist þess, að honum sje með gjaldskyldu þjónustuskeyti útvegaðar ýmsar skýringar viðvikjandi skeytinu. Eins getur hann líka á sama hátt gert ýmsar ráðstafanir viðvikjandi því. Ennfremur er hægt að láta endurtaka skeyti þannig, annaðhvort að nokkru eða öllu leyti. Til þess að menn geti fengið slík skeyti send, verða þeir að sanna hverjir þeir eru. Orðin í slíkum skeytum teljast eins og í venjulegum skeytum og ef sendandi óskar svars, verður hann að greiða fyrir það. Flokksheiti slíkra skeyta er *ST*.

Ef viðtakandi snýr sjer til stöðvarinnar með fyrirspurn, hvort ekki hafi slæðst inn villa við símunina, skal stöðin þegar athuga það; aftur á móti skulu allar eftirgrenslanir eftir beiðni sendanda eða viðtakanda og sem ná út yfir sjálfa stöðina, vera gerðar með gjaldskyldu þjónustuskeyti.

Óski viðtakandi skeytis þess, að honum sjeu útvegaðar skýringar frá íslensku endastöðinni um eitthvert alþjóðaskeyti, verður það að vera með gjaldskyldu þjónustuskeyti. Sje skeytið rjett af hálfu landssímans, ber að greiða venjulegt gjald fyrir þjónustuskeytið. Í slíkum tilfellum verður að leggja fram skeyti það sem fyrirspurnin er gerð um, og skal stöðin taka eftirrit af því og halda eftir. Afrit skeytisins festist við þjónustuskeytið sem fylgiskjal.

Sjeu orð þau er viðtakandi vill fá endurtekin ógreinilega skrifuð í frumskeytinu, skal sendistöðin bæta aftan við endurtekningarskeytið orðunum: *écriture douteuse* í alþjóðaviðskiftum, eða *ógreinilega skrifað*, í innanlandsviðskiftum, og skal þá ávalt greiða gjald fyrir þjónustuskeytið.

Ef skeytið sem beðið hefir verið um endurtekningu úr, hefir verið afhent stöðinni simleiðis, skal sendistöðin biðja sendanda um að endurtaka fyrir henni skeytið, áður en hún svarar fyrirspurninni. Ef þá eitthvað af orðunum ekki ber saman við frumskeytið, skal endurtaka þau leiðrjett en bæta við athugasemdinni: *CTP* (conserver taxe payée), sem þýðir að halda eigi eftir gjöldum sem greidd hafa verið fyrir þjónustuskeytið. Í alþjóðaviðskiftum skal aftan við athugasemd þessa bæta orðafjöldanum sem á að borga fyrir, t. d. *CTPun*, *CTP deux* o. s. frv. Í innanlandsviðskiftum verður undir slíkum kringumstæðum ekkert endurgreitt af gjaldinu.

Í alþjóðaviðskiftum er hægt að senda slíkar fyrirspurnir með pósti, ef þess er óskað, og greiðir þá sá er þess beiðist burðargjald fram og aftur.

b. Fyrir gjaldskyld þjónustuskeyti skal sendistöðin innheimta venjulegt gjald. Sje óskað svars verður að greiða fyrir það, og skal þá skrifa *RPx* á skeytið, á undan ínnihaldi þess, nema þegar að ræða er um endurtekningu á

118 orði eða orðum, þá skal aðeins greiða gjald fyrir þau orð sem koma eins aftur, 15. nív. og má það gjald aldrei vera minna en 75 aurar. Gjald þetta skal færa í dálk yfir afgreidd símskeyti innanlands, og skal þá aldrei innheimta neitt fyrir spurnarskeytið.

c. Sem gjaldskyld þjónustuskeyti skal senda öll skeyti sem sendandi kann að óska eftir, til þess að leiðrétta þegar sent skeyti, eða stöðva það.

d. Viðtökustöðin skal fara með öll borguð þjónustuskeyti eins og þau væru almenn skeyti.

e. Viðvikjandi samning gjaldskyldra þjónustuskeyta í alþjóðaviðskiftum visast til XVII. kafla alþjóðareglugjörðarinnar, en innanlands skal orða þau líkt og hér segir að neðan.

1. Leiðrjetting á orði samkvæmt beiðni sendanda:

ST. Norðfjörður — Reykjavík 1926 (númer þjónustuskeytisins) 10 orð — — —
1878 *átjándi Jón Guðmundsson* (nr. og nafnkveðja skeytisins sem á að leiðrjetta) *breytið sjötta orði teinn í beinn.*

2. Endurtekning samkvæmt beiðni viðtakanda:

ST. Akureyri — Ísafjörður 326 (nr. þjónustuskeytisins) 6 orð — — — 567
fímtánda Leifur endurtakið þriðja.

3. Ef leiðrjetta skal nafnkveðju eða afturkalla skeyti:

ST. Seyðisfjörður — Eyrarbakki 198 (nr. þjónustuskeytisins) 7 orð — — —
187 *tólfta Guðmundur Jóhannsson lesið Guðmundur Jóhannesson, eða afturkallast.*

VIII. Margar nafnkveðjur.

Skeyti geta haft margar nafnkveðjur, hvort heldur er til margra viðtakenda eða sama viðtakanda með mörgum nafnkveðjum á sama staðnum. Viðtökustöðvarinnar skal aðeins getið einusinni. Fyrir framan nafnkveðjuna skal rita *TM* með tölu sem gefur til kynna nafnkveðjufjöldann.

Í skeytum með mörgum nafnkveðjum reiknast gjaldið eftir orðafjöldanum eins og í venjulegu skeyti, auk 25 auru afritagjalds fyrir hver 100 orð, eða hluta þar af, fyrir almenn skeyti, en 50 aurar fyrir hraðskeyti. Í alþjóðaviðskiftum reiknast gjaldið á sama hátt, en afritagjaldið er tiltölulega 40 og 80 aurar fyrir hver 100 orð.

Á viðtökustöðinni skal skrifa skeytið með öllum nafnkveðjum á eyðublaðið, og skal það geymt með skeyta-afritunum. Á skeytum þeim sem send eru viðtakendum skal ekki tilfæra skammstöfunina *TMx*, en aðeins þá nafnkveðju sem við á, og samsvarandi orðafjöldi. Óski sendandi þess að allar nafnkveðjurnar verði tilkynntar öllum eða nokkrum af viðtakendum, skal rita *CTA* fyrir framan nafnkveðju hvers einstaks. sem það á að ná til. Í alþjóða viðskiftum skal nota sömu skammstöfunina, eða *communiquer toutes adresses*.

Í skeytum með mörgum nafnkveðjum skal tilfæra öll sérstök ákvæði á undan hverri þeirri nafnkveðju sem þau eiga við. *D, TC* og *Presse* skal þó að eins tilfæra á undan fyrstu nafnkveðjunni.

IX. Póstávisunarsímskeyti.

a. Póstávisunarsímskeyti er aðeins hægt að senda til og frá póstafrgreiðslu. Í alþjóðapóstávisunarsímskeytum getur sendandi fengið að bæta nokkrum orðum aftan við skeytið, til þess sem skeytið á að útborgast.

Póstávisanir skulu hafa áframhaldandi númer, sem skal setja á undan nafni viðtökupósthússins.

Hafi póstafrgreiðslukeyti eigi þetta númer, undirskrift hlutaðeigandi pósthúss eða innsigli, skal vísa því frá. Bæði við afhendingu og afgreiðslu skal veita því athygli, hvort talna- og bókstafaupphæðin sje sú sama.


b. Póstávisanir innanlands líta þannig út:

Póstávisun¹⁾

Pósthús²⁾


Greiðið fyrir³⁾

tí⁴⁾

..... kr. au. 5) 

6)

7)

8) 

Ákvæði þau er gilda fyrir sjerstök símskeyti, geta ekki komið til greina í póstafrgreiðslukeytum, en þar á móti er hægt að borga fyrir hraðboða með slíku skeyti, ef póstafrgreiðslan er fyrir utan umburðarsvæði stöðvarinnar.

c. Alþjóða símapóstávisanir líta þannig út:

118
15. nóv.

1)	
2) <i>Mandat</i>	
3) <i>Postes</i>	
4) { } 5)	6)
7) { }	
*)	

(Stimist ekki)

Pósthúsið á dag

.....
Nafn póstmanns

Innsigli pósthússins

Í alþjóðasímapóstávisunum, sem útgefnar eru af pósthúsi, er ekki liggur í sama hjeradi og nein símastöð, mun *de* (nafn sendipósthússins) verða bætt við eftir *Mandat*. Út frá orðinu *Postes*, getur komið fyrir að sett sju orðin *avis de paiement*, og telst það með í orðafjöldanum, en sú athugasemd snertir aðeins pósthúsið. Tölur þær sem prentaðar eru í byrjun hverrar línu og vísa til skýringa á eyðublöðunum, ætlaðar póstmönnum, símast ekki.

Ákvæði um hraðskeyti, borgaðan samanburð, viðtökuskirteini, PR og XP geta komið til greina í alþjóða símapóstávisunum, en snerta aðeins símaafgreiðsluna.

d. Gjald fyrir innanlands símapóstávisanir er 1 króna, án tillits til orðafjöldans. Fyrir alþjóðasímapóstávisanir greiðist gjald eftir orðafjöldanum miðað við venjulegt símskeytagjald til viðtökulandsins.

Ávisunum, sem ekki eru innsiglaðar, skal ekki veita viðtöku til sendingar, nema eftir nánari eftirgrenslan, sem sýni að ávisunin sje fullgild. Umslag það, er fylgir símaávisun, skal festa við hana.

Á innanlands símapóstávisanir má ekki skrifa neitt umfram sjálfri ávisuninni, en á alþjóða símapóstávisanir má sendandi skrifa orðsending til þess, sem pósthúsinna á að fá.

Endurtekningu skal ávalt gera á póstávisunum og skal hún vera gerð í 118 þessari röð: Nr. skeytisins, viðtöku- og sendistöð, póstávisunarnúmerið, nafn sendanda og viðtakanda, upphæðin, nafn pósthússins, dagsetning og undirskrift. Símapóstávisanir er ekki hægt að eftirsenda.

I símapóstávisunum innanlands getur komið fyrir að standi »*Express*» (Póstexpress) er merkir að senda skuli hraðboða frá pósthúsinu með ávisunina. Áritun þessa skal síma með nafnkveðjunni, en að öðru leyti er hún símanum óviðkomandi.

e. Geti pósthús ekki fundið viðtakanda innlendrar símapóstávisunar, má tilkynna sendipósthúsinu það með þjónustuskeyti. Fyrirspurnir og leiðréttingar á misfellum, sem orðið hafa hjá pósthúsinu, verður að senda sem almenn, gjaldskyld símskeyti.

Viðvikjandi misfellum í alþjóða símapóstávisunum, sem virðast hafa orðið í höndum símamanna, má senda fyrirspurnir í gjaldskyldu þjónustuskeyti; ef misfellurnar eru gerðar af pósthúsinu, verða slíkar fyrirspurnir að vera gerðar í venjulegu gjaldskyldu símskeyti.

X. Samanburður símskeyta.

Sendendur símskeyta geta látið bera þau saman, ef þeir skrifa *TC* á undan nafnkveðjunni.

Fyrir samanburð greiðist helmingur hins venjulega símskeytagjalds, í innanlands viðskiftum, og $\frac{1}{4}$ gjaldsins í símskeytum til útlanda.

Stjórnaarskeyti og þjónustuskeyti, sem algerlega eða að nokkru leyti eru samin á dulmáli, skal bera saman endurgjaldslaust og jafnvel þótt þess sje ekki krafist sjerstaklega.

XI. Utanálfuskeyti gegn niðurfærðu gjaldi.

a. Sendandi einkasímskeytis getur, þegar um utanálfuviðskifti er að ræða, fengið gjaldið fært niður um 50%, með því skilyrði að skeytið sje samið á mæltu máli, eftir neðangreindum ákvæðum, og að það sje afgreitt í röð á eftir skeytum, sem fullkomið gjald er greitt fyrir.

b. Sendandi skal við afhendingu slíks skeytis undirrita yfirlýsingu um, að efni þess sje algerlega samið á venjulegu máli og hafi enga leynilega þýðingu frábrugðna þeirri sem skilja má af orðunum. Yfirlýsingin skal og segja til á hvaða máli skeytið er skrifað.

c. Sendandi skeytis með niðursettu gjaldi, skal framan við utanáskriftina setja skammstöfunina *LC* með viðbót þeirri sem getið er um undir lið d. Þessi skammstöfun telst með í gjaldskyldum orðafjölda.

d. Innibald símskeytis með niðurfærðu gjaldi, skal algerlega vera samið á venjulegu máli, og í því mega hvorki vera tölur, vörumerki, bókstafaraðir, raðir af aðgreiningarmerkjum eða skammstöfuð orð (sbr. alþjóðareglugerðina VII. kafla). Niðurfærða gjaldið getur ekki komið til greina á skeytum sem hafa raðir af einstökum bókstöfum, tölum, nöfnum eða orðum án samhengis og yfirleitt ekki á

118 skeytum, sem í sjálfu sjer eru ekki skiljanleg símríturunum. Innritaðar nafn-
15. nóv. kveðjur eru leyfilegar. Í textanum má þó því aðeins nota innritaðar nafnkveðjur að greinilega sjáist af innihaldi skeytisins að það í raun og veru sjeu innritaðar nafnkveðjur. Tölur skulu skrifaðar með bókstöfum. Símskeyti án innihalds verða ekki meðtekin.

Símskeyti með niðurfærðu gjaldi skulu samin á frönsku eða einhverju því máli, sem notað er á afhendingar- eða móttökustaðnum, viðurkend af hlutaðeigandi umboðsstjórnnum, og sem leyfð eru í alþjóðasímavíðskiftum. Eftir því hvort mál það sem notað er, er franska eða eitt af málum afhendingar- eða viðtökustaðarins breytist skamstöfunin *LC* hlutfallslega í *LCF*, *LCO* eða *LCD*. Að nota tvö eða fleiri mál í sama skeytinu er bannað.

e. Nafnkveðja og undirskrift skeytanna eru háðar sömu reglum og gilda fyrir venjuleg símskeyti.

f. Símskeyti með niðurfærðu gjaldi má nota í viðskiftum milli landa sem teljast til Evrópu-verðlagsins og landa sem teljast til utanálfu-verðlagsins (Senegal meðt). Eru þannig löguð skeyti ekki afgreidd, nema sjerstakir samningar sjeu gjörðir um það og gjaldið fyrir venjuleg símskeyti sje ekki lægra en 1 franki fyrir orðið

g. Fyrir símskeyti með niðurfærðu verði lækka enda- og transitgjöld bæði fyrir landlínur og sæsíma um 50%.

Þegar símskeyti með niðurfærðu gjaldi verður að fara aðra leið sökum linubilana, verður gjaldhluti hinna ýmsu umboðsstjórna helmingur af því, sem mundi tilfalla þeim fyrir slíkt símskeyti sem fullkomið gjald væri greitt fyrir.

XII. Veðursímskeyti.

a. Veðursímskeytum og símskeytum um hafistilkynningar skal hraða það sem hægt er. Fyrir veðursímskeyti innanlands og til útlanda skal að jafnaði ekki telja neitt gjald, en færa þau á skrá yfir afgreidd símskeyti, með eyðu í gjaldadálkunum. Símskeyti um hafistilkynningar innanlands skal farið með á sama hátt. Fyrir veðursímskeyti til útlanda með árituninni »*Presse*« skal telja gjald samkvæmt því, sem ákveðið er fyrir þau skeyti í gjaldskránni.

b. Veðurathuganir innanlands verða sendar öllum 1. og 2. flokks stöðvum frá gæslustöðvunum og skal slá þeim upp fyrir utan stöðina eða á öðrum aðgengilegum stað.

Afrit af veðursímskeytum þessum geta menn fengið hjá þeim stöðvum, er birta þau, gegn 3 króna gjaldi um ársfjórðunginn.

XIII. Viðtökuskirteini.

a. Sendanda innanlands símskeytis með áteiknuninni *PC* eða *PCD* skal þegar eftir afhendingu send tilkynning um afhendingartímann, annaðhvort með venjulegu eða hraðsímskeyti. Sje ekki hægt að afhenda skeyti með borguðu viðtökuskirteini, skal þegar í stað senda afhendingarstöðinni tilkynningu um það.

Verði skeytið síðan afhent áður en 6 vikur eru liðnar, skal þegar í stað senda **118** sendanda þess viðtökuskirteini. Ella endurgreiddist gjaldið fyrir viðtökuskirteinið **15. nóv.** sendanda, er hann fer fram á það. Óski sendandi þess, að viðtökuskirteinið verði sent til annarar stöðvar en sendistöðvarinnar, skal það tekið fram í frumskeytinu, á undan nafnkveðjunni. Fyrir viðtökuskirteini greiddist sama gjald og fyrir venjulegt 20 orða símskeyti. Fyrir hraðviðtökuskirteini er þrefalt gjald.

Í alþjóða símavíðskiftum skal sendandi, ef hann óskar eftir viðtökuskirteini, skrifa orðin: *Accusé réception* eða *PC* á skeytið og greiði hann þá gjald fyrir 5 orða símskeyti milli afhendingar- og viðtökustöðvarinnar. Óski hann hraðviðtökuskirteinis skal rita *Accusé réception urgent* eða *PCD* á undan nafnkveðjunni. Gjald fyrir það er sem fyrir 5 orða hraðskeyti milli afhendingar- og viðtökustöðvarinnar. Ennfremur getur sendandi krafist þess, að fá viðtökuskirteinið sent í pósti, og skrifar hann þá á undan nafnkveðjunni orðin: *Accusé réception postal* eða *PCP* og greiðir fyrir það venjulegt gjald. Slík viðtökuskirteini skulu undirrituð af stöðvarstjóranum eða varðstjóra þannig: *Chef du bureau* eða *Pour le chef du bureau* og sendast til *Chef du bureau télégraphique à* (í stað þúntanna kemur nafn afhendingarstöðvarinnar).

Í alþjóða viðskiftum er að eins hægt að senda viðtökuskirteini til afhendingarstöðvarinnar.

b. Bæði í innanlands og alþjóða símavíðskiftum skulu viðtökuskirteini táknuð með stöfunum *CR*, *CRD* og *CRS* eftir því hvort það er venjulegt, hrað- eða stjórnarsímskeyti, sem átt er við. Viðtökuskirteini verða afgreidd í röð eftir eðli þeirra

Viðtökuskirteini til stöðva innanlands, skal semja þannig: *CR (CRD eða CRS) Nr. . . . (dags. frumskeytisins) afhent . . . (nafnkveðja símskeytisins) þann (dags.) kl. . . (eða ástæðan fyrir því að það er ekki afhent)*. Ef skeytið er ekki afhent einhverjum á heimili viðtakanda, skal þess jafnframt getið á viðtökuskirteininu, t. d. afhent pósthúsi, hóteli, skipi, eða því um líkt. Viðtökuskirteini til útlanda skal semja eins og fyrir er mælt í LIII. kafla alþjóða-reglugerðarinnar.

Viðtökuskirteininu skal haldið eftir, en afrit af því sent sendanda. Á frumritið skal rita athugasemd um að afrit hafi verið sent.

Ef skeyti á að sendast áfram með pósti, eða sendast skipi yfir þráðlausu- eða merkjastöð, er að eins hægt að krefjast þess, að í viðtökuskirteininu sje getið þess dags og tíma, sem skeytið er afhent pósthúsinu eða sent skipinu.

Ef óskað er eftir viðtökuskirteini fyrir skeyti með mörgum nafnkveðjum skal tiltaka það á undan hverri einstakri og greiða gjald fyrir jafnmörg skirteini.

Send viðtökuskirteini bæði innanlands og til útlanda skal færa á skrá yfir afgreidd símskeyti og skrifa *CR*, *CRD* eða *CRS* í athugasemdadálkinn.

XIV. Þjónustu- og gjaldfrjáls skeyti.

a. Þjónustuskeyti eru þau skeyti, sem send eru af símastjórnunum, eða þeirra mönnum, um ýmislegt er snertir afgreiðslur a. Þjónustuskeyti ætti að nota

118 15. nóv. eins litið og komist verður af með og skal hafa þau eins stutt og hægt er. Skeyti sem eru svar við fyrirspurnum frá landsímastjóranum, eða öðrum yfirmönnum símans, er því að eins hægt að afgreiða sem þjónustuskeyti, að á skeytinu, sem þau eiga við standi: *gjaldfrjálst símsvar*. Heimild til þess að setja þessa áritun á símskeyti, hafa aðeins landssímastjórin, aðstoðarmaður hans og gæslustöðvarstjórnir.

Innlend símskeyti frá símamönnum til landssímastjórnarinnar má afgreiða sem þjónustuskeyti.

Þjónustuskeyti, er stöðvarnar senda sín á millum, skulu hvorki hafa nafnkveðju nje undirskrift.

b. Þjónustuskeyti er snertir afgreiðslu símskeytis, retti helst að fara gegn um þær stöðvar, sem umrætt skeyti hefir farið um, og verður að innihalda þær skýringar (númer, dagsetning og nafn viðtakanda) sem geta ljött fyrir við leit á skeytinu.

Ef millistöð sjer, að hún getur svarað þjónustuskeyti til annarar stöðvar, eða farið eftir því, skal hún gjöra það, til þess að koma í veg fyrir óparfa afgreiðslu á þjónustuskeytinu.

Ef breytingar eru gjörðar á meðteknu símskeyti samkæmt þjónustuskeyti, skal rita litla athugasemd á það, og geta þjónustuskeytisins

c. Sem gjaldfrjáls símskeyti má afgreiða:

Skeyti milli pósthúsa, um að viðtakandi að póstávisunarupphæð hafi eigi fundist

Skeyti til og frá mikla norræna ritsímaffjelinu, ef þau er afhent sem gjaldfrjáls skeyti.

XV. Þráðlaus skeyti (loftskeyti).

a. Loftskeyti eru afgreidd þráðlaust milli skipastöðva og loftskeytastöðva í landi. Frá landstöðvunum og til þeirra eru þau send með símalínunum.

Allar símastöðvar skulu veita loftskeytum, sem fara eiga til skipa, viðtöku, ef skipið er tilfært í Berne-listanum yfir loftskeytastöðvar. Sá listi er til á gæslustöðvunum.

Sendendur loftskeyta til skipastöðva verða sjálfir að tiltaka, yfir hvaða landstöð þeir óski að skeytið sé sent. Sje ekki hægt að finna skip eða landstöðina í stöðvalistanum, skal aðeins veita skeytinu viðtöku á ábyrgð sendanda.

Loftskeyti er hægt að semja hvort heldur er á mæltu máli eða dulmáli; þau eru táknud með orðinu *Radio*, sem er gjaldfrjálst. Þegar landstöð sendir loftskeyti frá skipi áfram með símalínu, skal hún geta nafns skipsins sem afhendingarstöðvar og ef til vill einnig nafns þess skips, sem skeytið fór síðast í gegn um; á eftir þeim nöfnum skal tilfæra nafn landstöðvarinnar.

Í loftskeyti til skipstöðvar skal geta nafns hennar ásamt nafni þeirrar landstöðvar, sem á að senda skeytið til skipsins. Nafn skipsins, eins og það er tilfært í stöðvalistanum, telst sem eitt orð án tillits til lengdar.

Af sjerstökum ákvæðum er hægt að nota þessi: *MP, Overt, Urgent* eða

D (aðeins á símalínunum), *RP fr.x*, *RPD fr.x*, *TC*, *Poste*, *TR*, *PR*, *GP*, *GPR*, *TMx*, *CTA*, **118**
Expres, *x retransmissions télégraphe* og *x retransmissions lettre*. — Ákvæðin *PC*, **15. nðv.**
PCD, og *PCP* er aðeins hægt að nota þannig, að sendanda sje tilkynt, hvænær landstöð hafi sent til skips skeyti er hann hefir afhent til sendingar.

b. Fyrir afgreiðslu loftskeyta greiðist auk hins venjulega símskeytagjalds land og skipstöðvargjald. Þegar skip og landstöðvargjaldið er talið saman, skal telja frankann á 74 aura; endi upphæðin þá ekki á 0 eða 5, skal hækka hana upp í næstu tölu deilanlega með 5.

Nú er loftskeyti sent sem hraðskeyti með símalinum. Skal þá telja þrefalt gjald fyrir þær, en land og skipstöðvargjaldið þrefaldast ekki.

Þjónustuskeyti viðvikjandi loftskeyti skal, að svo miklu leyti sem unt er, reynt að senda yfir sömu stöðvar og sjálft loftskeytið.

Nú hefir skip sem skeyti liggja til, ekki gert vart við sig hjá landstöðinni, annaðhvort innan þess tíma sem sendandi skeytisins hefir tiltekið, eða innan viku; skal þá landstöðin senda afhendingarstöðinni tilkynningu um það. Sendandi getur þá með borguðu þjónustuskeyti, eða brjefi til landstöðvarinnar krafist þess, að loftskeytið verði geymt í 9 daga, til þess að verða sent skipinu, ef það hefir gert vart við sig o. s. frv. Komi engin slík beiðni skal leggja skeytið til hliðar að kvöldi hins 9. dags frá móttöku þess. Hafi landstöðin fengið vissu fyrir því, að hlutaðeigandi skip sje gengið henni úr greipum, skal hún þegar senda tilkynningu um það.

Viðtökustöðvarnar skulu taka fullkomin afrit af meðteknum loftskeytum, og skal festa þau með útförnum loftskeytum.

13. gr.

Nafnkveðjan.

a. Nafnkveðju símskeytis skal skrifa á undan innihaldi þess og skal hún vera þannig samín, að enginn vafi geti leikið á hver sje viðtakandi þess, eða hvar hann sje að finna. Ef um stærri bæi er að ræða, skal tilfæra götunafn og húsnúmer, eða stöðu mannsins o. s. frv. Í minni bæjum skal nafnkveðjan vera með skýringum, er koma í veg fyrir misskilning, og sem geta verið viðtökustöðinni til leiðbeiningar við afhendingu símskeytisins. Óski sendandi þess, að skeytið verði talsímað viðtakanda frá viðtökustöðinni, er nafn viðtakanda og símanúmer nægileg nafnkveðja. Á slík skeyti skal skrifa *Talstímist* á undan nafnkveðjunni og kostar talsímunin 20 aura aukreitís.

Þó að nafnkveðja sje eigi samkvæmt því sem að ofan greinir, skal senda skeytið eigi að síður. Ber sendandi sjálfur ábyrgð á afleiðingunum af ófullkominni eða ófullnægjandi nafnkveðju.

b. Í símskeytum til útlanda verður nafnkveðjan, að undanskildum eiginöfnum, að vera samín á frönsku eða máli viðtökulandsins, eins verður líka að geta viðtökulandsins ef einhver vafi leikur á því, hver viðtökustöðin er.

c. Sje í nafnkveðjunni tilfært, auk viðtakanda, nafn þess sem hann er

118 hjá, skal í símskeytum innanlands setja orðið *hjá* milli nafnanna, t. d. *Guðmund-ur Guðmundsson hjá Jóni Jónssyni*, í alþjóðaviðskiftum skal nota frönsku, t. d. *chez, aux soins de* o. þ. h.

d. Í innanlands viðskiftum er hægt að senda skeyti til þess að *geymast* á pósthúsi eða símastöð og getur nafnkveðjan verið samsett af bókstafa eða talnaröðum.

Í alþjóðaviðskiftum er hið sama hægt, svo framarlega sem viðtökulandið leyfir það fyrirkomulag, en slík skeyti verða aðeins tekin á ábyrgð sendanda.

e. Þegar margar stöðvar erlendis eru til með sama nafni skal skrifa í nafnkveðjunni sem stöðvarnafn alt það sem stendur í fremra dálki Berne-listans og telst það sem eitt orð. Sje stöðin hinsvegar ekki til í Berne listanum verður að geta viðtökulandsins eða næstu opinberrar símastöðvar við ákvörðunarstaðinn. Á slík skeyti skal sendandi skrifa yfirlýsingu um að skeytið óskist sent á hans ábyrgð.

Nema skal afgreiðslu á skeytum ef þau eru stíluð til skeytaskrifstofna sem stofnaðar eru í þeim tilgangi, að losa menn við að greiða fult gjald símskeyta, frá sendistöð til viðtökustöðvar.

f. Styttar nafnkveðjur má nota, ef þær eru innritaðar á viðtökustöðinni. Í styttnum nafnkveðjum eða símnafnum mega ekki vera fleiri en 15 stafir og má ekki nota í þær ættarnöfn eða skirnarnöfn, heldur eigi slík nöfn með viðbættu »s« í endanum. Ennfremur leyfist eigi að draga saman for- og eftirnafn eða nein fleiri orð, sem hætta getur verið á að sundurgreinist í afgreiðslunni og valdi svo misskilningi. Vöru- eða verslunarnefni leyfast heldur eigi sem símnefni.

Bókunum símnafnum, sem ekki fullnægja framangreindum skilyrðum getur landssímastjórnin sagt upp með 6 mánaða fyrirvara.

Gjald fyrir bókað símnefni er 3 krónur um ársfjórðunginn og skal sækja skriflega um það til hlutadeigandi stöðvarstjóra landssímans, sem sendir umsóknina landssímastjórninni til samþykktar. Uppsagnarfrestur á símnafnum er 3 mánuðir.

Ef símanotandi notar nafn sitt sem símnefni, án þess að það sje bókað skal eigi afhenda skeyti með þeirri nafnkveðju, nema eigi sje til annar maður með því nafni þar á staðnum; jafnframt skal honum tilkynt að þessu verði beitt.

14. gr.

Undirskriftin.

Sendandi getur stýtt undirskriftina í skeyti sínu, eða slept henni alveg. Eigi hún að símast, skal rita hana á eftir innihaldinu.

15. gr.

Talning orðanna.

a. Talning orða í símskeyti fer fram eftir neðangreindum reglum:

1. Alt sem sendandi ritar á frumritið í þeim tilgangi, að það berist viðtakanda, nema lestrarmerki, bandmerki, úrfellingarmerki og merki um nýja

linu (alinæa), telst með í orðafjöldanum. Í innanlands viðskiftum skal þó síma **118** þessi merki með, án þess að gjald sé tekið fyrir þau. 15. nóv.

2. Orð þau eða tölur, í inngangi símskeytisins, sem bætt er við á stöðinni, afgreiðslunnar vegna, skal ekki telja með í orðafjöldanum.

3. Í skeytum á mæltu máli mega vera 15 bókstafir eftir Morse-stafrófinu í hverju orði, svo að eigi verði talið nema eitt, það sem fram yfir er, alt að 15 bókstöfum reiknast sem eitt orð.

4. Í skeytum á *dulmáli* mega vera 10 stafir í orði. Í orðum á skiljanlegu máli, sem kunna að vera í »blönduðu« dulmálsskeyti mega eigi heldur vera fleiri en 10 stafir svo eigi verði þau talin fleiri en eitt orð. Í dulyrðum mega alls ekki vera fleiri en 10 stafir. Séu fleiri en 10 stafir í slíku orði telst það sem merkjamál og telst orðafjöldinn þar eftir (sjá 5.).

5. Upphæðir, sem skrifaðar eru með tölum, teljast jafn mörg orð og þau innihalda oft 5 tölur. Eftir sömu reglu skulu orð talin í skeytum á merkjamáli og teljast samsettu stafirnir ae, aa, ao, oe, ue og ch tveir bókstafir.

Þegar í skeyti kemur fyrir bæði skiljanlegt mál og merkjamál, skal telja hið fyrra samkvæmt reglunum í 3, en hið síðara samkvæmt þessari grein.

6. Sem eitt orð telst:

Hvert einstakt merki, bókstafur eða tala, undirstrykun, svigar og tilvitnunarmerki.

Í utanáskriftinni telst nafn viðtökustöðvarinnar sem *eitt* orð, án tillits til bókstafa- eða orðafjölda.

Orðið »Póstexpress«, ef það kemur fyrir í símapóstávisunum innanlands.

7. Orð sem eru samtengd með bandi (-) teljast jafnmörg orð og þau myndu vera ósamtengd. Orð sem eru aðgreind með úrfellingarmerki teljast hvert um sig sjerstakt orð.

8. Afbakanir, styttingar eða orðasambönd, sem gagnstæð eru eðli málsins, leyfast ekki.

Nöfn á bæjum, löndum og landshlutum, ættarheiti manns, sem samsett eru úr mörgum nöfnum, staðanöfn og gatna og yfirleitt nöfn á opinberum stöðum, skipsnöfn, heilar tölur, brot, tugabrot eða blandaðar tölur, skrifaðar með bókstöfum, og samsett orð, sem leyfð eru í ensku og frönsku, ef hægt er að sýna það með orðabók, má draga saman í *eitt* orð án úrfellingarmerkis eða bands.

Verzlunarskammstafanir eins og *cif*, *fob* o. fl. teljast *eitt* orð, en samsetningar með þeim teljast tvö orð.

9. Punktur og kommur, sem notuð eru í röðum til þess að mynda einhverja tölu, sem og band og brotstryk, teljast sem tölur.

10. Bókstafir, sem eru aftan við tölur til þess að gera úr þeim raðartölur, teljast sem tölur.

11. Þegar einkaskeyti hefir inni að halda óleyfilegar bókstafaraðir, eða orð sem ekki geta talist til neins þeirra mála, sem leyfð eru í alþjóðaviðskiftum skal telja þau samkvæmt reglunum í 5.

b. Í alþjóðaviðskiftum telst sem eitt orð í nafnkvæðjum skeyta: a. Nafn

118 viðtökustöðvarinnar, eins og það er í fremri dálki Berne-listans ásamt öðrum at-
 15. nóv. hugasemdum, sem kunna að vera í þeim dálki; b. Nöfn landa eða landshluta,
 eins og þau eru tilfærð í Berne-listanum.

Í alþjóðasímapóstávisunum telst nafn afgreiðslupósthússins, útborgunarpóst-
 hússins og dvalarstaður þess sem peningana á að fá, hvert sem eitt orð. Þegar
 þessi orð, nefnilega: a, viðtökustöðvarnafnið; b, nafn landshlutans; c, ákvörðunar-
 landið; d, nöfn þau sem koma fyrir í póstaðvisuninni og eru talin sem eitt orð,
 en eru ekki samandregin, skal sá sem við skeytinu tekur draga þau saman jafn-
 framt því sem hann reiknar út gjaldið.

Í alþjóðaviðskiftum skulu lestrarmerki, úrfellingarmerki og bönd aðeins
 símuð, ef sendandi óskar þess sjerstaklega og telst þá gjald fyrir þau.

Úrfellingarmerki og band í orðatiltækjum eins og: *c' est-à-dire, aujourd'hui, wie geht's, quatre-vingt*, skal aðeins síma ef sendandi óskar þess sjerstaklega,
 og telst þá gjald fyrir þau.

Símastjórnin enska leyfir aðeins að draga saman í *eitt*, orð þau sem í orða-
 bókum eru skrifuð annaðhvort sem eitt orð eða með bandi á milli. Orðasam-
 sambönd með *street, place, road, lane* og *crescent* leyfast ekki; að öðru leyti vís-
 ast til lista þess yfir óleyfileg orðasambönd á ensku sem símastjórnin danska hefir
 gefið út og send hefir verið sumum stöðvum hjer.

Orðasambönd, sem gagnstæð eru eðli málsins, leyfast ekki, jafnvel þótt
 bókstafafjöldi orðsins ekki fari fram úr 15.

Lestrarmerki, sem ekki eru notuð einstök, heldur í röðum, teljast sem
 bókstafaraðir.

Púnktar, kommur, kólon og brotastryk teljast hvert sem einn stafur, þeg-
 ar þau eru í bókstafaröðum. Sama er með bókstafi eða tölur í götunúmerum í
 nafnkveðju þó að um nafnkveðju í sjálfu skeytinu eða undirskriftinni sje að ræða.

Að því er snertir talningu orðanna, vísast að öðru leyti í XX. kafla al-
 þjóða reglugerðarinnar.

c. Rísi upp ágreiningur út af orðafjöldanum, skal við það sitja, sem
 sendistöðin ákveður. Í alþjóða viðskiftum má viðtökustöðin innheimta það gjald,
 sem vantalið hefir verið, ef skeytið er samið á máli viðtökulandsins, eða á öðru
 máli en því, sem notað er í afhendingarlandinu og hefir inni að halda óleyfileg
 orðasambönd. Gjald þetta fellur þá til viðtökustöðvarinnar. Í slíkum tilfellum
 má eigi afhenda skeytið fyr en gjaldið er greitt. Neiti viðtakandi að greiða
 gjaldið, skal senda þjónustuskeyti um það til sendistöðvarinnar, og lætur hún
 sendanda vita um það. Greiði sendandi þá vangoldna gjaldið skal sendistöðin
 þegar senda viðtökustöðinni tilkynningu um það og afhendir hún þá skeytið. Að-
 eins í tilfellum eins og því ofangreinda, má stöð fresta afhendingu eða afgreiðslu
 símskeytis vegna óleyfilegra orðasambanda í því.

Þegar þjónustuskeyti kemur frá útlöndum um að sent skeyti innihaldi
 fleiri orð en upphaflega var tiltekið, skal reyna að fá það sem vangoldið er
 greitt hjá sendanda símskeytisins; skal honum skýrt frá að það sje samkvæmt
 kröfu viðtökustöðvarinnar og eins hvaða orð það eru sem valda eftirgreiðslu-

unni. Neiti hann að greiða gjaldið, skal rita athugasemd um það á skeytið frá **118**
viðtökustöðinni. 15. nóv.

Orðasambönd sem reynt er að hylja með því að sleppa úr stöfum eða færa þá til, leyfast ekki.

d. Eftir að skeyti hefir verið afhent til afgreiðslu, má ekki breyta neinu í því; ef einhver stöð á leiðinni verður vör við að orðafjöldinn er ekki rétt talinn, og vekur eftirtekt á því, skal leiðrjetta gjaldið þar eftir á skeytaskránni.

e. Komi fyrir í símskeytum orð, sem eru talin meir en *eitt* orð, skal afhendingarstöðin tákna orðafjöldann með tveim tölum aðgreindum með brotstryki. Táknar fyrri talan gjaldskylda orðafjöldann, en sú seinni sjálfan orðafjölda skeytisins. Millistöðvar, sem aðeins umsíma þessi skeyti eiga aðeins að líta eftir síðari orðafjöldanum.

f. Ef ágreiningur verður milli sendanda skeytisins og afhendingarstöðvarinnar út af orðafjöldanum, verður sendandi að fella sig við það, sem stöðin ákveður.

16. gr.

Kvittanir fyrir gjöldum.

Sendandi símskeytis getur krafist kvittunar fyrir viðtöku þess, að því tilgreindu hve mikið hann hafi greitt fyrir það. Þegar slík viðurkenning er gefin á lausum eyðublöðum, skal greiða 5 auru fyrir hvert símskeyti, jafnvel þótt viðurkenning sje gefin fyrir mörgum skeytum á sama eyðublaði.

Viðurkenning veitist ókeypis, ef hún er rituð í bækur, er fást hjá síma-
stjórninni fyrir 1 krónu; í bók þessa skal sendandi tilfæra dag, viðtökustöð svo og nafn sendanda, en síma-
starfsmenn bæta að eins við afhendingartölu og upphæð borgunar þeirrar, sem greidd er.

17. gr.

Línubilanir.

a. Þegar algjör línuslit verða, eða svo miklar bilanir, að vafasamt sje hvort hægt verði að afgreiða skeytin í síma, skal sú stöð sem þau eru geymd á senda afrit af skeytunum með fyrstu ferð er fellur, annaðhvort viðtakanda sjálfum, viðtökustöðinni, eða einhverri stöð, sem muni geta sent skeytin áfram í síma. Skal jafnframt því sem skeytin eru afhent á stöðinni vekja athygli sendanda á töf þeirri, sem viðbúið er að skeytin verði fyrir.

Þegar búið er að lagfæra símasambandið aftur, skal senda skeytin á ný simleiðis nema því að eins, að viðurkenning um móttöku þeirra sje komin, eða ef annriki á línunum hamlar endurtekningunni.

b. Sjeu símskeyti send þannig til útlanda, án þess að hafa farið um enda-
stöð landssímans, skal senda henni í pósti skrá yfir þau skeyti, númer þeirra, sendi og viðtökustöð, orðafjölda og um viðauka, eða ef einhver sjerstök leið hefir

118 verið ákveðin fyrir skeytin. Skeytum sem send eru í pósti skulu fylgja tvö ein-
15. nóv. tök af skrá yfir þau og skulu brjefin innanlands send sem *hraðboða* brjef, til út-
landa sem ábyrgðarbrjef með árituninni *Télégrammes*.

Skeyti sem á sama hátt eru meðtekin frá útlöndum án þess að hafa farið í gegn um endastöðina, skal afskrifa í tvennu lagi og senda endastöðinni annað eintakið.

Þegar stöð fær slíka sendingu skeyta, skal hún bera þau saman við skrárnar og kvitta síðan fyrir viðtökuna á aðra skrána og endursenda hana sendistöðinni, með þeim athugasemdum er við þykja þurfa.

c. Þegar símskeyti, sem áður hafa verið send í pósti, verða endurtekin símleiðis, skal láta fylgja þeim í athugasemd orðið *endurtekning* (innanlands) eða *ampliation* (til útlanda).

Að öðru leyti vísast í XLII og XLIII kafla alþjóðareglugjörðarinnar.

18. gr.

Stöðvun símskeyta.

a. Sendandi símskeytis getur, þegar hann hefir sannað hver hann er krafist stöðvunar á símskeyti eftir að það er sent á stað, og greiðir hann fyrir það 25 aura innritunargjald auk gjalds fyrir afturköllunarskeytið. Sje skeytið ekki sent, greiðist að eins innritunargjaldið. Sje búið að afhenda viðtakanda skeytið, skal hann látinn vita um afturköllunina, svo framarlega sem afturköllunarskeytið ekki mælir öðruvísi fyrir. Sendandi skal fá tilkynningu, gegn um sendistöðina, um það hvort skeytið hafi verið stöðvað, eða viðtakanda þess verið tilkynnt afturköllunin. Slík tilkynning verður send í þjónustuskeyti eða brjefi á kostnað sendanda símskeytisins.

Þegar skeyti er afturkallað, skal sendandi þess gefa skriflega yfirlýsingu um að það hafi verið gert samkvæmt ósk hans. Stöðvun á skeyti eftir beiðni í talsíma getur því að eins farið fram, að enginn vafi leiki á að það sje sendandinn sjálfur er um það biður. Slíkar simbeiðnir skulu staðfestar skriflega innan ákveðins frests, sem stöðin tiltekur.

Skeyti um afturköllun skal að svo miklu leyti sem unt er fara í gegn um þær stöðvar, sem upphaflega skeytið hefir farið um og skal millistöð sem kann að hafa skeytið hjá sjer ennþá stöðva það og senda sendistöðinni tilkynningu um það.

b. Sje stöðvaða skeytið til útlanda, endurgreiðir afhendingarstöðin sendanda þann hluta gjaldsins, sem ber þeim línun er skeytið átti eftir að fara um á leið sinni. Sama máli gegnir með afturköllunarskeytið og svarskeyti við því ef það er nokkuð.

19. gr.

118
15. nív.

Umburður og afhending skeyta.

a. Skeyti skal bera ókeypis út til viðtakanda í alt að kilometra fjarlægð, um færán veg. Skeyti með ógreinilegri eða ófullnægjandi utanáskrift skal af fremsta megni reynt að koma til skila, og skal ritað á þau: *Tafid vegna ófullnægjandi utanáskriftar.*

Skeytin skulu tafarlaust borin út og að svo miklu leyti sem hægt er í þeirri röð sem þau koma í; stjórnarskeyti, þjónustuskeyti og hraðskeyti skulu vera látin ganga fyrir öðrum.

Nema þess sje sjerstaklega óskað verða skeyti ekki borin út á næturþeli frá kl. 23 til kl. 8, nema stjórnarskeyti, sem skulu borin út á hvaða tíma sem er.

b. Símskeyti má einnig talsíma til viðtakanda og kostar það 20 aura aukreitis. Óski viðtakandi að skeyti hans sjeu afgreidd á þann hátt, verður hann að senda skriflega beiðni um það til hlutaðeigandi símastöðvar.

c. Símskeyti, sem eiga að fara til farþega á skipum, sem væntanleg eru á höfn, skulu ef unt er afhent þeim áður en þeir fara í land. Símskeyti, sem eiga að fara til skipa, er ekki liggja við hafnarvirki, verða annaðhvort afhent afgreiðslu skipsins, eða ef unt er send um borð á kostnað viðtakanda.

d. Út fyrir umburðarsvæðið fást skeyti venjulega send með hraðboða gegn 35 aura gjaldi fyrir hvern kilometer leiðarinnar.

e. Ef sendandi óskar, má fá símskeyti send áfram frá viðtökustöð með póstum, og skal sendandi greiða fyrir það venjulegt pósturðargjald bréfa. Skeytið skal útbúið með gjaldskyldri áritun *Póst* á undan nafni viðtakanda. Sje þess óskað, að skeytið sje sent í ábyrgðarbrjefi, skal áritun þess vera *PR* og er aukagjaldið þá þar eftir meira. Sje ekki tilgreint í símskeyti, hvornig því skuli komið til viðtakanda, er viðtökustöðinni heimilt að senda það í pósti óbargað.

f. Skeyti má afhenda, annaðhvort viðtakanda sjálfum, fullorðnum manni af fjölskyldu hans, einhverjum af þjónustufólki hans, húsráðanda hans eða leigjanda, eða dyraverði. Eins má líka láta skeytið í brjefakassa hans, nema hann hafi mælt öðruvísi fyrir. Sje *MP* á undan nafnkveðju skeytisins, má engum afhenda það nema viðtakanda sjálfum eða þeim, sem hann hefir gefið skriflegt umboð til þess að veita því viðtöku. Skeytin skulu að jafnaði vera lokuð nema á því standi *RO* eða *opið* (innanlands) eða *RO* eða *ouvert* (í alþjóðavíðskiftum).

g. Ef ekki er hægt að koma símskeyti til viðtakanda eða afhenda það, annaðhvort sökum þess, að viðtakandi er óþektur, eða farinn burt, eða vegna þess, að nafnkveðjan er ófullkomin og getur valdið misgripum eða af því að viðtakandi vill ekki greiða gjöld, sem hann er krafinn um, eða af öðrum ástæðum, þá sendir viðtökustöð sendistöð þjónustusímskeyti um það. Sendistöðin rannsakar þá hvort nafnkveðjan er rjett tilfærð, og lagfærir hana þegar í stað, ef hún er af-

118 bókun. Ef þetta er eigi svo, skal afgreiða tilkynninguna til sendanda símskeyt-
15. nív. isins og getur hann látið lagfæra nafnkveðjuna eins og með þarf með borguðu þjónustuskeyti.

h. Við útburð stjórnarskeyta og hraðskeyta skal leggja fyrir sendlana, að fara beina leið á ákvörðunarstaði þeirra og eigi að tefja sig á að afhenda önnur skeyti á undan. Sje enginn sendill við þegar stjórnar- eða hraðskeyti kemur, skal reynt að koma þeim út hið fyrsta að hægt er.

i. Þegar ekki er hægt að afhenda skeyti, skal viðtökustöðin senda afhendingarstöðinni svohljóðandi þjórustutilkynningu:

Nr. (dagsetning) (nafnkveðjan eins og hún er á skeytinu)
{ *non remis, inconnu* (*parti, adresse insuffisante*) eftir því sem við á.
{ *ekki afhent, óþekktur* (eða *farinn, ófullnægjandi utandskrift*)

Verði skeytið svo afhent seinna, án þess að sendistöðin hafi leiðrjett nafnkveðjuna, skal senda þjónustuskeyti um það til sendistöðvarinnar. Í alþjóða viðskiftum skal sú tilkynning hljóða þannig: No. . . (dagsetning) (nafn kveðjan) *remis*. Hafi sendanda þegar verið tilkynnt, að skeytið væri óafhent, skal láta hann vita um afhendingu þess.

Óski sendandi símskeytis til útlanda að láta breyta nafnkveðju þess, eða lagfæra hana eitthvað, skal það gert með borguðu þjónustuskeyti, er stíllist á þessa leið: No. (dagsetning) (nafnkveðja) *remettez* (nafn viðtakanda) eða *lisez* (leiðrjetta nafnkveðjan).

Sje óskað eftir að símskeyti til útlanda sje sent með hraðboða frá viðtökustöðinni skal, ef það land leyfir þau ákvæði, setja *Exprés payé* eða *XP* á undan nafnkveðjunni. Sje eigi víst um stærð hraðboðagjaldsins, getur sendandi greitt einhverja ákveðna upphæð á sendistöðinni og verður honum endurgreitt það sem hann hefir greitt of mikið. Í slíkum tilfellum skal skrifa *XPT* eða *XPP* á undan nafnkveðjunni, eftir því, hvort tilkynning um gjaldhæðina óskast simleiðis eða í pósti. Fyrir simleiðis tilkynningu skal greiða gjald fyrir 5 orða skeyti; fyrir póstitilkynningu venjulegt póstgjald. Sjá annars LVIII kafla alþjóða reglugjörðarinnar.

C. Símtöl.

20. gr.

Tegundir símtala.

Símtöl greinast eftir eðli sínu í þessa aðalflokka:

Stjórnarsímtöl.

Þjónustusímtöl.

Einkasímtöl.

21. gr.

118

15. nóv.

Pantanir samtala.

Símtalapantanir skal skrifa upp á símtalsbeiðnaeyðublöð jafnótt og þær koma. Sje beið um einhvern, sem ekki hefir síma, skal heimilisfang hans jafnan tilgreint. Hafi sá, sem um er beið, síma, skal númer hans getið. Sje beiðnin meðtekin í síma, skal endurtaka hana og láta beiðanda síðan vita, að hringt verði til hans seinna. Á símtalsbeiðnaeyðublöðin skal tilgreina hvenær samtalið sje afgreitt. Skrár þessar skal hefta saman og geyma í eitt ár. Þær skulu að eins notaðar á þeim stöðvum, sem hafa fasta talsímanotendur. Eigi má lofa samtali á ákveðnum tíma, en reyna má að afgreiða það á þeim tíma, sem símtalsbeiðandi óskar eftir; þó án nokkurrar skuldbindingar af hálfu símans.

22. gr.

Sérstakar tegundir samtala.**I. Stjórnarsímtöl.**

Stjórnarsímtöl geta farið fram frá öllum þeim, er heimild hafa til þess að senda stjórnarskeyti (sjá 8. gr.). Þau skulu afgreidd á undan öllum öðrum símtölum, og er gjaldið fyrir þau hið sama og fyrir venjuleg símtöl.

II. Þjónustusímtöl.

a. Þjónustusímtöl eru þau símtöl, sem töluð eru í þáfir símans. Þjónustusímtöl mega þessir embættismenn nota: landssímastjórinn og aðstoðarmenn hans; verkstjórar fyrir linulagningum; stöðvarstjórar og aðstoðarmenn á skrifstofum þeirra.

b. Þjónustu-hraðsímtöl skal að eins nota í brýnustu nauðsyn og geta allir framangreindir starfsmenn símans notað þau.

c. Sjeu margar pantanir fyrirbyggjandi, þegar beið er um þjónustusímtal, skal benda þeim er um biður á það, og mælast til þess, að hann fresti samtalinu, eða ef þjónustusímtalið er byrjað, að biðja hann að flýta sjer.

d. Útfarin þjónustusímtöl skal færa á sjerstaka skrá (eyðublað nr. 11 eða 13), sem senda skal mánuð hvern með reikningi stöðvarinnar. Yfir meðtekin þjónustusímtöl skal eigi færa neina skrá.

III. Hraðsímtöl.

Hraðsímtöl eru afgreidd á undan venjulegum einkasímtölum og þjónustusímtölum og er gjald fyrir þau þrefalt venjulegt símtalsgjald. Fyrir kvaðningu eða boðsendingu til hraðsímtals greiðist aðeins venjulegt kvaðningar eða boðsendingar gjald. Hraðsímtöl skulu annars afgreidd eftir sömu reglum og almenn símtöl.

IV. Símtöl með kvaðningu.

Fyrir að kveðja mann til viðtals í talsíma með boðbera greiðist 25 aurar, ef sá sem kvaddur er á heima innan umburðarsvæðisins (19. gr. a). Búi hann utan þess, skal greiða sama gjald og fyrir útburð símskeyta með hraðboða (19. gr. d). Fyrir kvaðningu í talsíma skal greiða 10 aura, sje gjaldið fyrir viðtalsbilið undir 50 aurum, en 20 aura sje gjaldið 50 aurar eða meira. Kvaðningargjaldið skal lagt við símtalsgjaldið og fært með því á skrá, eyðublað nr. 11 eða 13, og þess getið, í athugasemdarálkinum, að kvaðning hafi farið fram.

23. gr.

Afgreiðsla símtala.

a. Þegar afgreiða skal símtöl, skal afgreiðslustöðin biðja viðtökustöðina um númer það, sem beðið er um, eða manninn sjálfan, ef beðið er um símtal með kvaðningu. Báðar stöðvarnar skulu vera inni á línunni þangað til afgreiðslustöðin tilkynnir að símtalið geti hafist. Jafnskjótt og búið er að gefa báðum viðtalendum samband, skulu stöðvarnar stilla sjer út af línunni og setja talningsúrinn á stað. Sje sambandið slæmt, skulu stöðvarnar við og við stilla sjer inn á línuna, til þess að vita hvernig símtalið gengur.

Almenn símtöl skal venjulega afgreiða á víxl í þeirri röð sem þau eru pöntuð.

Rjett áður en liðnar eru 3 mínútur, skal afgreiðslustöðin stilla sjer inn á línuna og tilkynna að 1. viðtalsbil sje liðið. Haldi símtalið áfram, skal rjett áður en 6 mínútur eru liðnar, tilkynna að 2. viðtalsbil sje liðin, og svo koll af kolli. Liggi fyrir margar pantanir, skal við lok annars viðtalsbilsins slita sambandið eitt augnablik og tilkynna viðtalsbeiðanda að símtalið geti eigi haldið áfram nema sem hraðsímtal, og má það eigi halda lengur áfram en í 6 mínútur. Skal á skránni gerð athugasemd um framlengingu þessa.

Eftir að símtal er byrjað, eru allar hringingar á þeirri línu bannaðar. Ennfremur er stöðvunum stranglega bannað að hlusta meðan símtal stendur yfir, eða trufla með spurningum, eins og t. d. »er samtal«, eða því um líkt. Aðeins afgreiðslu- og viðtökustöðin mega stilla sjer inn á línuna til þess að sjá hvernig símtalið gengur.

Að símtalinu loknu skulu báðar stöðvar skrifa hjá sjer viðtalsbilafjöldann og bera hann síðan saman. Komi upp ósamkomulag um hann, skal sitja við það sem afgreiðslustöðin ákveður.

b. Símtal telst frá þeim tíma er umbeðið númer svarar þannig, að ef spurt er eftir einhverjum ákveðnum manni, má ekki biða með tímatalninguna þangað til sá kemur sem um var spurt, heldur telst það frá þeim tíma er einhver í númerinu svarar.

Sje símtal truflað eða tafið af völdum línunnar eða afgreiðslunnar, skal við talningu gjaldsins taka hæfilegt tillit til þess.

Svari umbeðið númer ekki, neiti það að hætta innanbæjarsímtali, eða **118** vilji það ekki tala vegna þess t. d., að enginn yfirmaður sje viðstaddur, skal **15. nóv.** þegar gera afgreiðslustöðinni viðvart um það og láta hana vita um ástæðuna.

c. Meðtekin símtöl skal færa á eyðublað nr. 14. Um boðsendingar, kvaðningar og annað því um líkt skal rita athugasemd í þar til gerðan dálk.

d. Áður en stöð, á línu þar sem skifting er leyfð, skiftir línunni til þess að afgreiða símtal, skal hún ávalt hlusta eftir hvort nokkurt símtal standi yfir. Sje svo, skal hún þegar stilla sjer út aftur. Alt sem valdið getur truflun á símtali er bannað.

e. Nú hefir eigi getað orðið af símtali vegna þess að ekki er hægt að ná í umbeðinn eða símtalsbeiðanda, þegar til símtalsins kemur; umbeðinn neitar að tala; símtalsbeiðandi er ekki viðlátinn; sá sem sent er eftir er ekki viðlátinn, eða á ekki heima þar sem tilgreint var, eða ef símtalsbeiðandi afturkallar beiðnina. Skal þá aðeins innfæra og greiða fyrir kvaðningar- eða boðsendingargjaldið. Geti símtal eigi farið fram vegna þess að ólag er á línunum eða áhöldum skal símbeiðandi eigi greiða neitt gjald; eigi heldur boðsendingar eða kvaðningargjald.

24. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. apríl 1918 og fellur þá úr gildi reglugjörð 29. desember 1906 um starfrækslu landssímasambanda á Íslandi.

I stjórnarráði Íslands, 15. nóvember 1917.

Sigurður Jónsson.

Jón Hermannsson.